

Fráfall vinar míns og samstarfsmanns, Jóns Sveinssonar, hefði ekki átt að koma mér á óvart þar sem ég hafði fylgst með langvinnum veikindum hans. Engu að síður var mér mjög brugðið þegar ég heyrði fréttina, og ég hygg að svo hafi verið um alla sem þekktu Jón. Hann var einstakur maður, gæddur óvenjulegum mannkostum.

Kynni okkar Jóns hófust árið 1973, skömmu eftir að hann hóf störf við Raunvísindastofnun Háskólans sem rafmagnstæknifræðingur. Jón var afar fjölhæfur og einstaklega laginn við að leysa vanda þeirra mörgu sem til hans leituðu. Með árunum þurfti ég sífelld oft á aðstoð hans að halda, og loks fór svo að hann varð formlega starfsmaður þeirrar deildar sem ég veitti forstöðu. Jón gegndi lykilhlutverki við að koma á stafrænni skráningu gagna í segulmælingastöð stofnunarinnar og fann bráðsnjalla leið til að endurbæta ómissandi mælitæki sem margir höfðu glímt við án árangurs. Úrlausnarefnin voru margvísleg og alls ekki bundin við sérgrein Jóns. Hann var sannkallaður þúsundþjalasmiður. Alltaf var hann léttur í lund og uppörvandi í öllu samstarfi.

Jón átti langtímum við heilsuleysi að stríða. Upphafið mátti rekja til sykursýki sem hrjáði hann frá unga aldri. Oftar en einu sinni bjargaðist Jón úr dauðans greipum. Lífgjöfina mátti hann þakka góðum læknum, en ekki síður þrotlausri árvekni og umönnun konu sinnar, Helgu Haraldsdóttur. Sjúkrasaga Jóns væri efni í langa ritgerð og verður ekki rakin hér. Henni þyrfti þó að gera skil á öðrum vettvangi, því að hún er dæmi um það hvernig bjartsýnismaður getur með dugnaði og þrautseigju sigrast á hinum þyngstu þrautum. Það var með ólíkindum að Jón skyldi stunda vinnu sína síðustu árin, jafnþjakaður og hann var.

Um leið og ég kveð Jón og minnst hans með þakklæti votta ég og fjölskylda mín aðstandendum hans innilega samúð.

Þorsteinn Sæmundsson.